

Garðabæ, 8. febrúar 2022
Mál nr. 2110129

Efni: Óskað er eftir umsögn vegna skipulagslýsingar fyrir Arnarland vegna breytingar á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 og deiliskipulags Arnarlands (Arnarnesháls).

Þann 3. febrúar 2022 samþykkti bæjarstjórn Garðabæjar skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030, við Arnarnesháls (Arnarland), og gerð deiliskipulagstillögu fyrir svæðið í samræmi við 30. gr. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.


Tillagan gerir ráð fyrir því að reit fyrir verslun og þjónustu, 3.37 Vþ, í gildandi Aðalskipulagi Garðabæjar verði breytt í miðsvæði (M). Á svæðinu er gert ráð fyrir blandaðri byggð, með áherslu á heilsutengda starfsemi og uppbyggingu íbúðabyggðar m.a. í samræmi við markmið um uppbyggingu á samgöngu og þróunarás.

Í samræmi við 30. gr. og 40. gr. skipulagslaga 123/2010 er skipulagslýsing lögð fram til kynningar á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is, og í þjónustuveri Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ.

Hér með er óskað eftir umsögn vegna skipulagslýsingarinnar sem er aðgengileg hér: <https://www.gardabaer.is/umhverfi/skipulag/skipulag-i-kynningu/arnarland>

Þeir sem telja sig eiga hagsmuni að gæta er gefinn kostur á að senda inn skriflegar ábendingar. Frestur til að skila inn ábendingum er til og með 8. mars 2022. Skila skal ábendingum á bæjarskrifstofu Garðabæjar eða á netfangið skipulag@gardabaer.is

Virðingarfyllst,


Sólveig Helga Jóhannsdóttir
skipulagsfræðingur

